

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Ölfuss hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Þorlákshafnar 1994-2014 sem staðfest var 12. september 1995.

Umhverfisstofnun, 18. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Grafarbakka, Hrunamannahreppi.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Flúðum, 29. október 1999.

Oddviti Hrunamannahrepps,

Loftur Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir bílastæðagjöld á Akranesi.

1. gr.

Gjald vegna hvers bílastæðis sem á vantar vegna þess að ekki er unnt að koma fyrir á lóð nýbyggingar þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um er kr. 300.000.

2. gr.

Um framkvæmd og fyrirkomulag gjaldtöku fer samkvæmt reglum um bílastæðagjöld á Akranesi sem samþykktar voru á fundi bæjarstjórnar Akraness 24. ágúst 1999. Gjöld þessi renna í sérstakan sjóð sem varið skal til uppbyggingar almenningsbílastæða í nágrenni viðkomandi lóðar.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Akraness staðfestist hér með samkvæmt 54. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 20. október 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Kristín L. Árnadóttir.